

4safeld 29. nóv. 1902

## Sjötugsafmæli Björnstjerne Björnsons.

8. n. m. verður Björnson sjötugur . . . Ísland verður líklega eina landið á Norðurlöndum, sem ekki sýnir honum neinn sóma.

J. Ó. í Reykjavík. <sup>22</sup>/<sub>11</sub>

Vér Íslendingar getum ekki glatt oss af «feðranna frægð» án þess að finna um leið sting af því, hve sjálfir erum vér smáir.

Bræður vorir Norðmenn eru hamingjusamari í því efni. Enginn af þeirra forn mönnum hefir varpað meiri ljóma yfir Noreg en hinir mestu menn þeirra á öldinni nýliðnu, og það einmitt þeir, sem nú lifa.

En af þessum mönnum er enginn norskari en Björnstjerne Björnson; þá er sem sé brugðið upp merki Noregs, er nafn hans er nefnt, hefir G. Brandes sagt, og er það vel mælt.

Þar sem Björnson er, sjáum vér lifandi víkinginn og skáldið, sem svo mjög kemur við Íslendinga sögur; gáfunar og andans þróttur og líkamans minnir á sjálfan Egil Skallagrímsson.

Eg hef einu sinni séð Björnson og heyrð hann tala, og hef eg aldrei betur en þá skilið, hvað þýða orðin «höfðinglegur» og «snjall í máli». Og hann var eitthvað svo skemtilega Íslendingalegur; en því miður mun þó enginn af oss Íslendingum vera neinn Björnson.

Eins og við er að búast, er Björnson vel kunnur hér, og af eldri sögum hans eru til ágætтар þýðingar, sem allir hafa lesið, og get eg þess til, að fleiri en einn unglíngur hafi haldið, að «Kátur piltur» væri íslensk saga, þegar hann las hana fyrst.

Björnson ber hlýjan hug til Íslands, eða hefir að minsta kosti gert það.

Það er ekki líklegt, að Íslendingar vilji bera í því af öðrum Norðurlandþjóðum, að sýna þessum skáldahöfðingja engan sóma á sjötugsafmæli hans; hér eru þó góðskáld, bæði gömul og ung, sem vel er tréystandi til að «bera saman orð» honum til heiðurs, og hér eru líka til menn, sem gætu fært í letur drápuna af mikilli snild.

Ef vér létum ekkert til vor heyra, þegar svona ber undir, þá sýndum vér með því auk annars það, að vér höfum gleymt frændseminni við Norðmenn; en þá mætti ætla, að dautt væri úr öllum vorum æðum blóð hinna fornu höfðingja, sem fyrst bygðu þetta land. Einnig vegna sjálfra vor ber oss að hafa einhverja viðleitni á, að sýna þessu skáldi sóma, sem nú er öndvegishöldur Norðmanna.

Helgi Pétursson.